

## Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins 2022 – Fundargerð

**Fundur haldinn í þingsal II á Icelandair Hótel Reykjavík Natura, Nauthólsvegi 52, þann 31. mars 2022 kl. 17:15 og í beinu streymi á heimasíðu sjóðsins.**

Hulda Rós Rúriksdóttir, formaður stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins setti fundinn kl. 17:20 og gerði tillögu um að Ólafi Gústafssyni, hæstaréttarlögmanni, yrði falið að stýra fundinum. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Fundarstjóri tók því næst til starfa og gerði tillögu um að Helgi Pétur Magnússon, lögmaður hjá sjóðnum, yrði fundarritari. Enginn gerði athugasemd við það og fundarritari tók til starfa.

Fundarstjóri gerði grein fyrir fundarboði. Fundurinn skal skv. 7. gr. samþykkt vera boðaður með minnst 14 daga fyrirvara. Upplýsti hann að fundurinn hefði verið formlega boðaður á heimasíðu sjóðsins þann 15. mars sl. og með auglýsingum í Morgunblaðinu, Fréttablaðinu og Viðskiptablaðinu 16. og 17. mars. sl.

Fundarstjóri upplýsti um dagskrá fundarins, sem var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2021 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.
5. Kosning stjórnar: Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Fundarstjóri lagði til að umræður og fyrirspurnir verði sameinaðar um dagskrárlið eitt til þrjú. Fundurinn gerði ekki athugasemd við tillöguna.

Fundarstjóri kynnti fyrsta dagskrárlið, og bauð Huldu Rós Rúriksdóttir að taka við.

### **1. Skýrsla stjórnar**

Hulda Rós Rúriksdóttir, formaður stjórnar tók til máls.

Hulda fór yfir afkomu sjóðsins á liðnu starfsári og lýsti því að heimsfaraldur kórónuveiru hefði haft áhrif á hagkerfi heimsins og að talsverðar sveiflur hafi verið á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum. Hulda lýsti jákvæðum áhrifum á eignir sjóðsins á árinu 2021 og að blönduð söfn sjóðsins hafi notið góðs af góðri ávöxtun. Hulda fjallaði um að nýtt ár væri litað af vondum fréttum um ófrið og stríðsátök og lýsti m.a. efnahagslegum afleiðingum og vísaði þar til verðbólgu og lækkun eignaverðs sem hefði áhrif á fjárfesta. Hún fór yfir að ávöxtun á þessu ári litaðist af þessu.

Hulda gerði næst grein fyrir nýjum líftöflum og lengri meðalævi. Þannig lýsti Hulda að Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga hefði lagt til nýjar lífslíkur sem byggja á spám um lengri meðalævi, en hingað til hefur verið stuðst við söguleg gögn í fortíð við mat á áætluðum greiðslutíma lífeyris. Hulda lýsti því jafnframt að Almenni hefði ákveðið að innleiða breyttar lífslíkur strax, en lýsti því að heimild hefði verið til frestunar út árið 2023. Hulda fór stuttlega yfir þær breytingar sem í þessu fælist, m.a. með mismunandi áhrifum eftir aldri sjóðfélaga auk þess að vísa til þess að sjóðfélagar Almenna lifa að jafnaði lengur en meðalsjóður og að tekið væri tillit til þess. Þá lýsti hún því að yngri árgangar lifi að jafnaði lengur en þeir eldri. Hún lýsti því að sem betur fer hefði sjóðurinn skilað góðri ávöxtun á liðnum árum og væri í góðri

stöðu til að takast á við breyttar forsendur. Vísaði Hulda til mótvægisáðgerða, sem hún benti á að *Gunnar Baldvinsson* og *Benedikt Jóhannesson* myndu kynna á fundinum.

Því næst fór Hulda yfir eignir og fjárfestingarumhverfi. Hún upplýsti að sjóðurinn hefði í nóvember sl. samþykkt fjárfestingarstefnu fyrir árið 2022. Gerði Hulda grein fyrir þeim breytingum sem urðu á stefnunni. Hulda lýsti því þannig að í meginatriðum fælust breytingarnar í því að auka vægi hlutabréfa í eignum blandaðra eignasafna en draga á móti úr vægi skuldabréfa. Jafnframt lýsti hún því að ákveðið hefði verið að breyta samsetningu skuldabréfa í eigu sjóðsins, draga úr vægi ríkisskuldabréfa en auka á móti vægi annarra skuldabréfa. Með breytingunni er stefnt að aukinni ávöxtun.

Hulda lýsti breytingum sem hefðu orðið á nafni og markmiði um meðaltíma í *Ríkissafni löngu*. Safnið heiti nú *Ríkissafn* og er áætlaður meðaltími skuldabréfa í safninu nú 3 til 8 ár, en var 4 til 13 ár í *Ríkissafni löngu*. Þá fór hún yfir að *Ríkissafni stuttu* hefði verið lokað í lok febrúar 2022.

Hulda lýsti góðri ávöxtun sl. áratug og fór yfir að stefna sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar væri endurskoðuð reglulega samhliða fjárfestingarstefnu. Hulda lýsti mögulegum sveiflum á ávöxtum á næstunni eftir mörg ár í lágvaxtaumhverfi og að hægt væri að gera ráð fyrir því að ávöxtun yrði undir meðalávöxtun á komandi árum.

Hún upplýsti að í nóvember 2021 hefði sjóðurinn ritað undir viljayfirlýsingu sem felur í sér fjárfestingar fyrir tæplega 40 milljarða í verkefnum sem tengjast hreinni orku og öðrum umhverfislausnum fram til ársins 2030.

Hulda gerði grein fyrir nýjum sjóðfélagavef sem nýlega fór í loftið og upplýsti um helstu breytingar sem þar hafa orðið og hvaða aðgerðir væru mögulegar á vefnum. Einnig gerði hún grein fyrir nýjum lánavef og lánakerfi.

Hulda gerði grein fyrir frumvarpi að breytingu á lögum um starfsemi lífeyrissjóða, sem hún sagði að fæli í sér mestu breytingar á núverandi lífeyrissjóðalögum frá því að þau voru upphaflega sett. Lýsti hún því að það kæmi verulega á óvart að frumvarpið væri lagt fram lítið breytt og óskað væri umsagnar um það í þriðja sinn. Fór Hulda yfir það að sjóðurinn hefði lagt fram umsögn um frumvarpið og lýsti áherslum sjóðsins í umsögninni.

Hún fór því næst yfir störf stjórnar á starfsárinu og upplýsti að 14 fundir hefðu verið haldnir á sl. starfsári.

Hulda færði meðstjórnendum þakkir fyrir gott samstarf á liðnu ári og færði sérstakar þakkir til *Davíðs Ólafs Ingimarssonar* og *Odds Ingimarssonar* í aðalstjórn ásamt *Oddgeiri Ottesen*, varamanns fyrir störf þeirra í þágu sjóðsins, en þeir gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. Hulda lýsti því að rafrænar kosningar í stjórn sjóðsins færu fram í fyrsta skipti og þakkaði sérstaklega þeim tíu frambjóðendum sem buðu sig fram til stjórnar fyrir að gefa kost á sér. Lýsti Hulda yfir ánægju með það að stjórnarkjör færi nú fram rafrænt.

Hulda þakkaði sjóðfélögum fyrir ánægjuleg samskipti og samstarfið á liðnu ári. Einnig þakkaði hún starfsfólki sjóðsins fyrir góð störf og ánægjulegt samstarf.

Fundarstjóri þakkaði Huldu fyrir yfirferðina og kynnti næsta dagskrárlið.

## **2. Ársreikningur 2021 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.**

*Gunnar Baldvinsson*, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins tók til máls.

Gunnar hóf mál á því að vekja athygli á því að ársreikningur ársins 2020 hefði verið leiðréttur eftir síðasta ársfund og að hann hafi verið undirritaður leiðréttur af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaður af endurskoðanda. Þá upplýsti hann um að ársreikningur hafi verið birtur á heimasíðu sjóðsins, ásamt því að frétt hafi verið útbúin sem greindi frá ástæðum breytinga.

Gunnar gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins og tryggingarfræðilegri athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs. Vísaði hann til þess að ársskýrsluna og kynningu væri að finna heimasíðu sjóðsins og fór yfir helstu upplýsingar sem þar væri að finna. Vísaði hann sérstaklega til áritunar endurskoðanda á ársreikningi.

Gunnar fór yfir helstu tölur úr ársreikningi og fór sérstaklega yfir breytingar sem urðu á árinu 2021 og setti upp með myndrænum hætti.

Helstu tölur úr ársreikningi voru kynntar, en þær voru kynntar myndrænt á glærum, en voru í grófum dráttum eftirfarandi::

- Sjóðurinn stækkaði samtals um 57,5 ma. kr. á árinu eða um 19% úr 309,5 ma. kr. í 367 ma. kr. í lok árs 2021.
- Heildariðgjöld námu 18,6 ma. kr. sem skiptust þannig að viðbótariðgjöld námu 4,8 ma. kr. og lágmarksiðgjöld námu 13,8 ma. kr.
- Heildariðgjöld hækkuðu um 12% á árinu.
- Útgreiðslur úr séreignarsjóði námu 5,4 ma. kr.
- Lífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði námu um 3,1 ma. kr.

Gunnar greindi frá eignum og stærð samtryggingarsjóðs og ávöxtunarleiða sjóðsins og sýndi skiptingu með myndrænum hætti. Þá lýsti hann því að ítarlegar skýringar væri að finna í ársreikningi.

Gunnar vék í umfjöllun sinni að tryggingarfræðilegri úttekt sem unnin er af Talnakönnun hf. og fór yfir forsendur sem liggja að baki úttektinni. Fyrst útskýrði hann stuttlega hvað í tryggingarfræðilegri úttekt fælist.

Þá vék hann að breyttum lífslíkum og þeim áhrifum sem þær hafa á tryggingarfræðilega úttekt. Sú breyting sem hann kynnti varðar þá nýjung að nú er lagt til að miða áunnin réttindi við lífslíkur eftir aldri. Þetta útskýrði hann m.a. með því að upplýsa um að nú yrði gert ráð fyrir að yngri árgangar lifi lengur en þeir eldri. Hann lýsti því að *Benedikt Jóhannesson* myndi fara yfir málið á eftir. Hann bar saman niðurstöður úttektar miðað við óbreyttar lífslíkur og svo miðað við hinar breyttu lífslíkur og fór yfir aðferðarfræði við útreikning.

Gunnar lýsti góðri ávöxtun sjóðsins. Þannig lýsti hann góðri stöðu, ef ekki væri fyrir hinar nýju líftöflur. Fór hann yfir hversu miklar breytingar væru á útreikningi skv. núverandi lífslíkum í samanburði við uppfærðar lífslíkur. Setti hann samanburð upp með myndrænum hætti og útskýrði að ætlunin væri að taka upp nýjar lífslíkur nú þegar, en vísaði til þess að heimilt hafi verið að fresta slíku til ársins 2023. Fór hann yfir hinar auknu skuldbindingar sem í þessu fælist, en vísaði til frekari upplýsinga hvað þetta varðar í kynningu Benedikts sem fram færi síðar á fundinum.

Gunnar fór einnig yfir lengingu á meðalævi sjóðfélaga og útskýrði áhrifin á lífeyri sem sífellt þyrfti að greiða til lengri tíma. Hann fór yfir þær verulegu breytingar sem fælust í uppfærðu lífslíkum.

Gunnar fór stuttlega yfir nýjan sjóðfélagavef og lánavef og lýsti helstu breytingum, og lýsti ánægju sinni með þær breytingar sem þeim fylgja.

Að lokum þakkaði hann stjórn félagsins fyrir samstarfið á árinu og minntist sérstaklega á þá sem væru að hætta í stjórn, hann þakkaði auk þess þeim sem buðu sig fram til setu í stjórn sjóðsins. Gunnar þakkaði þá starfsfólki sjóðsins og lauk á því að þakka sjóðfélögum fyrir góð samskipti á árinu.

Fundarstjóri þakkaði Gunnari fyrir yfirferðina og kynnti næsta dagskrárlið.

### **3. Kynning á fjárfestingarstefnu sjóðsins**

Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri tók til máls og fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2022, sem var samþykkt undir lok árs 2021. Lýsti hún stuttlega uppsetningu stefnunnar. Fór hún yfir þær breytingar sem hafa orðið á fjárfestingarstefnunni

Kristjana fór yfir þær ávöxtunarleiðir sem í boði væru hjá sjóðnum og lýsti stuttlega mismunandi fjárfestingum hverrar leiðar og hvernig eignasamsetning væri í hlutfalli við fjárfestingarstefnu.

Vék hún því næst að ávöxtun ársins og greindi eftir eignaflokkum. Greindi hún frá því að ávöxtun hefði almennt verið mjög góð og fór yfir ávöxtun mismunandi eignaflokka.

Kristjana gerði einnig grein fyrir góðri langtímaávöxtun og fór yfir raunávöxtun sl. þriggja og tíu ára.

Kristjana gerði grein fyrir því að innlend skuldabréf væri góður kjarni í eignasöfnum sjóðsins og sýndi það með myndrænum hætti. Þá fór hún yfir innlend hlutabréf og sýndi dreifingu hlutabréfanna. Auk þess greindi hún frá erlendum eignum sjóðsins og útskýrði áhættudreifingu erlendu eignanna. Þannig lýsti hún því að erlendu hlutabréfin samanstæðu af um 5.000 fyrirtækjum í 53 löndum og útskýrði með myndrænum hætti.

Þá fór hún yfir áherslur sjóðsins í fjárfestingum er varða samfélagslega ábyrgð. Lýsti hún miklum breytingum í fjárfestingarumhverfi og auknum kröfum sem settar væru um samræmda upplýsingagjöf og upplýsti um flokkunarreglugerð ESB (e. EU Taxonomy). Einnig greindi hún frá viljayfirlýsingum sem sjóðurinn hefur skrifað undir og lúta að fjárfestingum í verkefnum sem tengjast hreinni orku og orkuskiptum.

Þá fór hún yfir fjárfestingarumhverfið og fór yfir ávöxtun í mismunandi skuldabréfaflokkum. Þá greindi hún frá erlendum skuldabréfaflokkum.

Kristjana fór yfir einnig yfir markaði frá áramótum og sýndi ávöxtun myndrænt. Einnig sýndi hún daglegt gengi sem birt er á heimasíðu og sýndi ávöxtun mismunandi ávöxtunarleiða frá áramótum.

Kristjana þakkaði að lokum fyrir sig.

Fundarstjóri þakkaði Kristjönu fyrir yfirferðina og bauð upp á umræður og fyrirspurnir um dagskrárliði eitt til þrjú. Engar spurningar voru bornar upp.

Fundarstjóri lagði því til að ársreikningur sjóðsins yrði tekinn til afgreiðslu og að það yrði gert með handauppréttingu og að þeir sem samþykktu réttu upp hönd. Þá kannaði hann hvort einhver hreyfði við mótmælum með handauppréttingu. Fundarstjóri kvað úr um að ársreikningur hefði verið samþykktur samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

### **4. Tillaga um breytingar á samþykktum**

*Helgi Pétur Magnússon*, lögmaður sjóðsins, tók til máls.

Helgi gerði grein fyrir sex tillögum að breytingum á samþykktum. Um var að ræða tillögur að breytingum á eftirfarandi ákvæðum:

- Grein 5.1 – Eingöngu sjóðfélagar eru kjörgengir í stjórnarkjöri, viðmiðunardagur kjörgengis skilgreindur sem næstliðin áramót.
- 1. mgr. gr. 5.2 – Búsetuskilyrði stjórnarmanna samræmt 31. gr. laga nr. 129/1997.
- Grein 12.5 – Börn skilgreind í greininni, fylgir erfðalögum.
- Grein 18.7 – Ákvæði um hálfan lífeyri, ákvæði hefur runnið sitt skeið og því óþarft.
- Grein 20.6 – skilgreining á börnum. Skilgreiningin á einungis við hið tiltekna ákvæði en ekki um samþykktar í heild sinni.
- Grein 28.1 – Málsmeðferð ágreiningsmála.

Helgi benti á að tillögurnar væru aðgengilegar með fundargögnum.

Helgi fór yfir hverja breytingatillögu fyrir sig og útskýrði.

Helgi lauk máli sínu, þakkaði fyrir sig og bauð Benedikt upp í pontu, með samþykki fundarstjóra.

#### **4. Tillaga um breytingar á samþykktum, framhald**

*Benedikt Jóhannesson*, tryggingastærðfræðingur, tók til máls og fór yfir kynningu á nýjum iðgjaldatöflum og fór yfir tillögur sex til níu til breytinga á samþykktum.

Kynning Benedikts hófst á yfirferð hans á bakgrunni og forsögu breytingartillagnanna. Hann fór yfir staðreyndir, sem er lenging lífaldurs sem ekki hafi verið tekið nægjanlegt tillit til. Nú ætti að miða við auknum lífaldri, sem aukist jafnt og þétt. Hann lýsti því að lífeyrissjóðir gætu ekki staðið við skuldbindingar sem myndu að endingu bitna á yngstu árgöngunum. Áhrifin af breytingum sagði hann að væru mismunandi á milli árganga. Hann lýsti ellilífeyri væri uppsafnaður og að nú þyrfti hann að endast legnur. Því væri ekki um skerðingu að ræða.

Benedikt hrósaði því að stjórn sjóðsins hafi strax tekið málið fyrir og sett sig vel inn í málin. Hann lýsti því að yngri árgangar muni fá minni réttindi, en það helgist af auknum lífaldri. Það sé sanngirnissjónarmið að svo sé. Hann lýsti því að geðþótti mætti ekki ráða í þessu og að ákvarðanir þyrftu að vera málefnalegar.

Hann skýrði mun á áfallinni eign og framtíðarstöðu og setti upp myndrænt. Lýsti hann því að ef framtíðarstaða væri neikvæð þá hefði það þau áhrif að gengið yrði á eignir þannig að minna verði til fyrir framtíðarárganga.

Hann fór yfir þrjár mótvægisáðgerðir við hækkandi lífaldri, en þær væru í fyrsta lagi fólgnar í nýrri réttindatöflu, þ.e. lægri mánaðargreiðslur en jafn mikil réttindi. Í öðru lagi aðlögun réttinda, það er að dreifa eignum á lengri tíma með mismunandi hætti eftir aldri sjóðfélaga. Í þriðja lagi væru ívilnandi áðgerðir á móti, vegna góðrar ávöxtunar.

Því næst fór hann yfir mismun skv. eldri lífslíkum og uppfærðum og að áhrifin væru mismunandi eftir árgöngum.

Benedikt fór yfir hvernig réttindatafla þyrfti að breytast til að koma framtíðarstöðu í jafnvægi. Hann fór yfir að það gæti þurft að breyta réttindatöflu reglulega, allt eftir bestu upplýsingum á hverjum tíma. Hann útskýrði síðan mismun á núverandi og uppfærðri réttindatöflu.

Benedikt fór aftur yfir aldursháða jöfnun réttinda. Hann fjallaði um áunnin réttindi og útskýrði í hverju breytingin væri falin. Hann kom inn á væntingar hvers árgangs, en útskýrði að skipt væri eftir inneign hvers árgangs. Þar sýndi hann vænt viðbótarár hvers árgangs, sem breytir mánaðarlegum greiðslum sem helgaðist af því að þau eru greidd lengur.

Svo fór hann yfir hækkun áfallinna réttinda, sem næmi 3,95% eftir aldursháða jöfnun réttinda. Þannig sagði hann að áhrifin yrðu þau að lífeyrisþegar héldu óbreyttum áunnum réttindum. Hann útskýrði að tillögurnar þrjár fælust í aðlögun að lengri meðalævi og svo viðbótinni, sem væri tilkomin vegna góðrar ávöxtunar. Þannig séu áhrif mismunandi fyrir árganga.

Benedikt kynnti einnig nýja hækkunar- og lækkunarstuðla og sýndi nýju töflurnar. Þá lýsti hann samanburði á eldri og nýrri lækkunar- og hækkunarstuðlum fyrir og eftir 70 ára aldur.

Benedikt fór yfir að mikil rýni hefði átt sér stað í sjóðnum og öðrum sjóðum, niðurstaðan væri sú að framkvæmdin væri bæði málefnaleg og sanngjörn.

Fór hann einnig yfir að lágmarksiðgjald væri hækkað úr 8% í 8,5%. Fór hann yfir að viðmiðunaráldur lækkaði úr 25 árum í 22 ár og að reiknað væri með greiðslum í 40 ár.

Þá lýsti hann töflu sem gefur fólki tök á því að taka úr séreignarlífeyri og kaupa ævilangan lífeyri skv. töflu í samþykktum sjóðsins.

Þá fór Benedikt yfir tillögurnar þrjár, sem honum var falið að fara yfir. Tillögur sjö til níu í breytingartillögum á samþykktum. Varpaði hann þeim upp og lýsti stuttlega fyrir sjóðfélögum. Fór hann yfir að reglurnar væru flóknar og bauðst til að fara yfir tillögurnar lið fyrir lið, ef óskað væri eftir og lesa ef einhver óskaði eftir.

Benedikt gaf við svo búið fundarstjóra orðið.

Fundarstjóri þakkaði Helga og Benedikt fyrir yfirferðina og bauð upp á umræður um samþykktarbreytingar. Engar spurningar voru bornar upp.

Fundarstjóri bar því næst tillögurnar um breytingar á samþykktum fyrir fundinn. Óskaði hann eftir því að fundurinn greiddi atkvæði um tillögur eitt til sex fyrst með handauppréttingu, var það gert og var samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Óskaði fundarstjóri þá eftir því að fundurinn greiddi atkvæði um tillögur sjö til níu með handauppréttingu, var það gert og samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri kynnti við svo búið næsta dagskrárlið.

## **5. Kosning stjórnar**

Ólafur Jónsson, stjórnarmaður í Almenna lífeyrissjóðnum og formaður kjörnefndar tók til máls.

Hann fór stuttlega yfir framkvæmd rafrænna kosninga. Upplýsti hann um að rafrænar kosningar hefðu verið haldnar í fyrsta skipti og því hafi verið skipuð sérstök kjörnefnd sem hafði það hlutverk að setja reglur og hafa umsjón með framkvæmd rafrænna kosninga. Fór hann yfir skipan nefndarinnar og störf hennar.

Ólafur fór yfir að tvö laus sæti aðalmanna, sem bæði væru skipuð karlmönnum, hefðu verið laus og eitt sæti varamanns, og gátu karlar og konur verið í framboði. Fram kom að alls 10 framboð sjóðfélaga í Almenna lífeyrissjóðnum hafi komið fram í aðalmannasætin og níu í sæti varamanns. Farið var yfir að kosning hefði hafist á hádegi 24. mars og lokið kl. 16 þann 30. mars. Fram kom að 838 sjóðfélagar hafi greitt atkvæði og voru samtals greidd 39.784.188.293 atkvæði af 341.078.742.408 atkvæðum á kjörskrá eða 11,7% heildaratkvæðamagns, sem Ólafur sagði vera mestu kjörsókn í sögu sjóðsins.

Ólafur las þá niðurstöðu í kosningu tveggja aðalmanna í stjórn Almenna lífeyrissjóðsins sem var eftirfarandi og las hann listann neðan frá og upp:

Kosning tveggja aðalmanna:

<b>Frambjóðandi</b>	<b>Hlutfall</b>
Pórarinn Guðnason	53,10%
Már Wolfgang Mixa	11,85%
Frosti Sigurjónsson	9,72%
Albert Þór Jónsson	9,22%
Árni Gunnarsson	5,20%
Reynir Jóhannsson	3,26%
Elmar Hallgríms Hallgrímsson	2,92%
Kristinn Ásgeir Gylfason	2,15%
Helgi S. Helgason	1,25%
Viktor Ólason	0,60%
Tóku ekki afstöðu	0,74%
<b>Samtals</b>	<b>100,00%</b>

Því næst las Ólafur upp úrslit í varamannakjöri og gerði með sama hætti og áður.

Kosning eins varamanns:

<b>Frambjóðandi</b>	<b>Hlutfall</b>
Már Wolfgang Mixa	16,99%
Frosti Sigurjónsson	12,59%
Albert Þór Jónsson	7,98%
Kristinn Ásgeir Gylfason	5,82%
Árni Gunnarsson	5,66%
Elmar Hallgríms Hallgrímsson	5,16%
Reynir Jóhannsson	3,76%
Viktor Ólason	2,19%
Helgi S. Helgason	1,81%
Tóku ekki afstöðu	38,04%
<b>Samtals</b>	<b>100,00%</b>

Ólafur lýsti því Þórarinn Guðnason og Má Wolfgang Mixa réttkjörna aðalmenn til stjórnar næstu þrjú árin og Frosta Sigurjónsson sem réttkjörinn varamann til stjórnar næstu þrjú árin.

Ólafur óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum til hamingju með kjörið og frambjóðendum þakkaði hann fyrir þátttöku.

Fundarstjóri þakkaði Ólafi fyrir yfirferðina og óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum til hamingju með kjörið. Fundarstjóri bauð nýkjörnum stjórnarmönnum að kynna sig, en enginn þeirra varð við því tækifæri.

Fundargerð kynnti næsta dagskrárlið.

## **6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags**

Fundarstjóri upplýsti að samkvæmt tillögu endurskoðunarnefndar hefði stjórn sjóðsins lagt til að Ernst & Young ehf. yrðu endurskoðendur Almenna lífeyrissjóðsins. Þar sem engin önnur tillaga var borin upp var Ernst og Young ehf. sjálfkjörið sem endurskoðunarfélag sjóðsins fyrir reikningsárið 2022.

## **7. Ákvörðun um laun stjórnar**

Fundarstjóri kynnti tillögu starfskjaranefndar eins og hún lá fyrir um stjórnarlaun fyrir árið 2022- 2023.

Mánaðarlaun almenns stjórnarmanns skuli vera 198 þúsund á mánuði.

Varformaður fær ein og hálf mánaðarlaun og stjórnarformaður tvöföld mánaðarlaun.

Stjórnarmaður sem stenst hæfnismat FME á undanfögnu starfsári fær tvöföld mánaðarlaun.

Laun varamanns fyrir hvern setinn fund sem aðalmaður nema einum mánaðarlaunum stjórnarmanns eða 198 þúsund og 123 þúsund fyrir setinn fund sem varamaður. Laun varamanns skulu þó aldrei vera hærri en sem svarar til mánaðarlauna stjórnarmanna.

Fundarstjóri fór yfir að í tillögunni kæmi fram að laun stjórnarmanna hækkuðu um 7,3% sem væri samsvarandi við hækkun launavísitölu Hagstofu Íslands.

Fundarstjóri bauð upp á umræður um þessa tillögur. Enginn tók til máls og var tillagan samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum

## 8. Önnur mál

Fundarstjóri kannaði hvort einhver óskaði eftir því að fá að kveða sér orðs, svo var ekki.

Fleira var ekki gert og óskaði fundarstjóri eftir heimild fundarins til að fundarritari gangi frá fundargerð eftir fundinn í samráði við fundarstjóra. Enginn hreyfði við mótmælum og taldist sá háttur því samþykktur.

Fleiri atriði lágu ekki fyrir fundinum og var honum slitið um kl. 19:20

Samkvæmt yfirliti um lista yfir kjósendur sem mættu til fundarins, mættu alls sjóðfélagar sem fara með 1.608.623.658 atkvæði til fundarins eða 0,47% sjóðfélaga.

Undir fundargerð rita:

---

Helgi Pétur Magnússon, fundarritari

---

Ólafur Gústafsson, fundarstjóri